



Framkvæmda- fréttir

2. tbl. /06



Hringvegur (1) - Sauðárkróksbraut (75). Útboð í endurbætur á gatnamótum við Varmahlíð voru opnuð 13. desember og nú hefur verið samið við Fjörð ehf. um þessa framkvæmd. Á norður-suður legg gatnamótanna verður sett breikkun fyrir framúrakstur og eyja við gangbraut yfir veginn. Hæðarlega breytist einnig en lengd þess hluta vegarins sem breytingar ná til er um 260 m. Austur-vestur armur gatnamótanna færirist nokkuð til norðurs og á hann verður sett eyja við gatnamótin. Auk þess verður hæðarlegu breytt til að minnka halla við gatnamótin. Leng þess hluta vegarins sem breytingar ná til er 240 m. Ný 70 m tenging verður gerð að Vélavali og göngustígar og reiðvegir endurnýjaðir.

Norðausturvegur (85) í Öxarfirði

Í þessu blaði er auglýst útboð á fyrsta áfanga vegagerðar Norðausturvegar (85) á milli Arnarstaða og Brekku í austanverðum Öxarfirði. Þessi áfangi er 6,5 km en eftir standa 5,2 km af kaflanum sem ljúka þarf til að bundið slitlag nái alla leið til Kópaskers. Á vef Vegagerðarinnar er kynningarskýrsla um endurbyggingu þessa vegarkafla. Slóðin er:

http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/pages/fr_kynning_framkv_ne.html

Hér á eftir fer stuttur útdráttur úr skýrslunni sem fjallar um þennan tæplega 12 km kafla í heild.

Staðhættir

Vegarkafllinn liggur um Núpasveit í austanverðum Öxarfirði. Sveitin takmarkast af tveimur núpum, Snartarstaðanúpi að norðan og Öxarnúpi að sunnan. Öxarnúpur er þverhníptur hamranúpur með skriðum neðst. Önnur fjöll á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sem setja svip á landslagið eru Valþjófsstaðafjall, Katastaðafjall og Kollufjall. Lítils háttar birkikjarr hefur haldist í skjóli þessara fjalla og hlíðum þeirra. Nokkurt undirlendi er og landið tiltölulega vel gróið mólendi. Byggt er að mestu með sjónum og rísa lág fjöll að baki en annars hverfur landið yfir í

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 2. tbl. 14. árg. nr. 423 16. janúar 2006

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

lág heiðalönd sem að mestu eru þakin hraunum. Strandlengjan einkennist af miklum sandströndum. Við suðurenda útboðskaflans rennur Sandá til sjávar en hún er austasta kvísl Jökulsár í Öxarfirði. Skammt norðan Sandáróss er Buðlungahöfn sem eitt sinn var löggilt höfn en lendingin er nú mjög skemmd af sandburði Sandár. Norðurendi útboðskaflans er við býlið Brekku.

Núverandi vegur

Á undanförunum árum hefur verið unnið að endur- og nýbyggingu Norðausturvegar í Keldunes- og Öxarfjarðarhreppi. Lokið hefur verið við byggingu kaflans frá Húsavík að Arnarstöðum í Öxarfjarðarhreppi.

Vegarkaflinn sem nú stendur til að endurbyggja, er nokkuð vel uppbyggður malarvegur með fremur góða hæðar- og planlegu nema á stuttum köflum, við Svelting, Presthólalón og Brekkuhamar. Við Svelting er brött brekka, blindhæð og nokkuð kröpp beygja á veginum. Sveltingur er ornefni sem bendir til þess að þar hafi landi háttáð þannig að fé gæti lokast af milli klettabeltis og sjávar og lent þar í svelt.

Við Presthólalón liggur vegurinn alveg á lónsbakkanum með nokkuð háum og snarbröttum fláa auk þess sem vegurinn er með takmarkaðar sjónvegalengdir skammt sunnan lónsins. Við Brekkuhamar er blindhæð og allkröpp samsett beygja á veginum. Á nokkrum öðrum stöðum uppfyllir vegurinn ekki kröfur um sjónlengdir.

Þrjár einbreiðar brýr eru á vegarkaflanum, yfir Naustá, Valþjófsstaðaá og Klapparós. Þær verða lagðar af og ræsi sett í staðinn.

Umferð

Ársdagsumferð á vegarkaflanum árið 2004 var 187 bílar/dag. Sumardagsumferð var 238 bílar/dag og vetrardagsumferð var 149 bílar/dag. Meðalhluftfall þungra bifreiða er um 8%. Framreiknuð ársdagsumferð árið 2025 er um 221 bílar/dag, framreiknuð sumardagsumferð um 281 bílar/dag og framreiknuð vetrardagsumferð um 176 bílar/dag. Meðalhluftfall þungra bifreiða er áætlað 10%.

Framkvæmdalýsing

Endurbyggður vegur mun liggja frá slitlagsenda skammt sunnan Daðastaðavegar við stöð 12600, að heimreið að Brekku við stöð 24340.

Vegurinn verður gerður samkvæmt vegtegund C1, sem er 7,5 m breiður vegur með 6,5 breiðri akbraut og bundnum öxlum. Slitlagsbreidd er 7,3 m. Hönnunarhraði er 90 km/klst. Endurbyggður vegur verður nokkuð breiðari og hærri en núver-



Horft til norðurs að Sveltingi frá útboðsenda í suðri. Gamli þjóðvegurinn liggur upp brekkuna til hægri og fylgir nýtt vegstæði honum að mestu.

andi vegur til að minnka snjósöfnun á vegi. Að jafnaði er reiknað með um 0,5 m hækku. Vegna hækkunarinnar lengjast fláar, mest til austurs frá suðurenda útboðskafla út fyrir Klapparós en til vesturs eftir það. Þetta er gert til að hlífa hitaveitulögn til Kópaskers sem er í vegkanti á mest öllum framkvæmdakaflunum. Framkvæmdin er að mestu innan núverandi vegsvæðis nema á þremur stuttum köflum, við Svelting, Presthólalón og Brekkuhamar. Við Svelting vikur vegurinn nokkuð út af núverandi vegi til að bæta öryggi vegfarenda. Þar verður miðlína nýs vegar mest í um 60-65 m fjarlægð frá miðlínu núverandi vegar. Við Presthólalón og Brekkuhamar eru minniháttar frávik á stuttum köflum. Við Presthólalón er miðað við að færa veginn



nokkuð til austurs á 500 m kafla meðfram lóninu til að fyllingar, vegna flatari fláa og hærri vegar, nái ekki út í lónið. Þar fer miðlína nýs vegar mest um 10 m frá miðlínu núverandi vegar. Við Brekkuhamar er lítilsháttar tilfærsla, að mestu til að hlífa lögnum við núverandi veg.

Minnsti planbogi er 290 m við stöð 24000 og mesti halli er við Svelting, eða 6,2%. Miðað er við að halli á fláum í vegskeringum verði á bilinu 1:2,5 - 1:6 í laust efni, háð landslagi og allt að 3:1 í berg og annað fast efni. Vegfyllingar verða að jafnaði með hallanum 1:2,5.

Í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að fækka einbreiðum brúm á stofnvegum verða þrjár einbreiðar brýr

á vegarkaflanum aflagðar og stálröraræsi sett í þeirra stað. Í Naustá verður sett stórt ellipsulaga ræsi 6,95 m x 3,95 m, í Valbjófsstaðaá 2,4 m ræsi og í Klapparós þrjú samhliða 2,4 m ræsi. Undirgöng fyrir sauðfé verða gerð í stöð 19920.

Tengingar að heimreiðum Daðastaða, Valbjófsstaða, Einarsstaða, Presthóla og Efri Hóla og Katastaða verða aðlagðar hæðarlegu endurbyggðs vegar. Einnig verða tengingar inn á tún, námuslóða og aðra slóða aðlagðar hæðarlegu endurbyggðs vegar. Gert er ráð fyrir að reiðfært verði að mestu meðfram veginum en ekki er talið að umferð hestamanna á svæðinu sé það mikil að þörf sé á sérstökum reiðvegi.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-001 Ásbyrgisvegur (861), Norðausturvegur - tjaldsvæði	06
06-003 Seyðisfjarðarvegur (93) um Miðhúsaá	06
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	06
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	06
06-006 Upphéraðsvegur (931), Setberg - Ormarstaðaá	06
06-007 Dettifossvetur (862), Hringvegur - Dettifoss	06
05-072 Héðinsfjarðargöng, eftirlit	06
05-050 Norðausturvegur (85) um Laxá hjá Laxamýri, vegtenging	06
05-064 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut, eftirlit	06
05-066 Hringvegur (1), mislæg gatnamót við Nesbraut	06
05-047 Hringvegur (1), Arnórstaðamúli	06
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabotna	06
05-046 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	06
05-041 Sólheimavegur (354), Eyvík - Sólheimar	06
05-039 Suðurstrandarvegur (427), vegtenging við Þorlákshöfn	06
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	06

Auglýsingar útboða

Norðausturvegur (85) 05-044

Arnarstaðir - Brekka, 1. áfangi

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu Norðausturvegar á um 6,5 km löngum kafla frá klæðingarenda norðan Silfurstjörnu upp á Magnavíkuras.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	3.000 m ³
Fylling og fláafleygar	80.500 m ³
Neðra burðarlag	34.200 m ³
Efra burðarlag	8.250 m ³
Stálroraræsi	198 m
Stálplöturæsi	32 m
Tvöföld klæðing	48.200 m ²
Frágangur fláa	85.500 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. september 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsa-vegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánu- deginum 16. janúar 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. janúar 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Fyrirhuguð útboð frh. Auglýst:

05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	06
05-054 Þverárfjallsvegur (744), Kallá - Sauðárkrókur	06
04-006 Hringvegur um Norðurárdal í Skagafirði	06

Auglýst útboð Auglýst: Opnað:

05-044 Norðausturvegur (85), Arnarstaðir - Kópasker	16.01.06	31.01.06
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki, eftirlit	09.01.06	31.01.06
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhammsvegur - Kaplakriki	19.12.05	24.01.06

Útboð á samningaborði Auglýst: Opnað:

05-086 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar), eftirlit	19.12.05	03.01.06
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	28.11.05	20.12.05
05-035 Héðinsfjarðargöng - forval	10.10.05	13.12.05
05-036 Nesvegur (425), Reykjanes - Staður	31.10.05	15.11.05

Samningum lokið: Opnað: Samið:

05-085 Hringvegur (1) - Sauðárkróks- braut (75), vegamót við Varmahlíð <i>Fjörður ehf.</i>	13.12.05	06.01.06
--------------------------------------------------------------------------------------------------	----------	----------

Niðurstöður útboða

Reykjanesbraut (41), færsla Sæbrautar, eftirlit 05-086

Tilboð opnuð 10. janúar 2006. Eftirlit með verkinu „Reykjanesbraut (41), færsla Sæbrautar“.

Í verkinu felst gerð nýrrar nyrðri akbrautar við Sæbraut milli Laugarnesvegur og Kambsvetur, endurgerð Kleppsvegur á sama kafla, lengingu Klettagarða og breytingum á gatnamótunum Sæbraut/Laugarnesvegur og Sæbraut/Sundagarðar/Dalbraut. Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. október 2006. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnivals og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Tilboðum er raðað eftir stafrófsröð bjóðenda.

Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð (þús.kr.)
Almenna verkfræðistofan hf., Reykjavík	48	11.500.000
Fjölhönnun ehf., Reykjavík	54	11.960.000
Línuhönnun hf., Reykjavík	57	9.750.249
VSÓ ráðgjöf, Reykjavík	53	10.700.000
Áætlaður verktakakostnaður		11.500.000